

Horft til framtíðar

Málþing um menntakerfið og heilbrigðisþjónustuna

Menntun og mönnun í heilbrigðisþjónustunni, staða rannsókna og vísindastarfs og forysta til árangurs. Þetta verða viðfangsefni fundar sem heilbrigðisráðherra boðar til 5. september næstkomandi. Markmiðið er að fjalla um þessar mikilvægu stoðir heilbrigðiskerfisins í ljósi nýrrar heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Fundurinn er öllum opinn meðan húsrúm leyfir og aðgangur ókeypis.

- **Staður og stund:** Veröld, hús Vigdísar, 5. september kl. 17. – 19.
- **Umraðustjórar:** Ævar Kjartansson og Magnús Karl Magnússon sem fá til sín í sófaspjall marga góða gesti með víðtæka þekkingu og reynslu á þessum sviðum.
- **Fundarstjóri:** Björg Magnúsdóttir.

Dagskrá:

Setning fundarins kl. 17.00

- **Ávarp Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra**

17:10 Menntun og mönnun í heilbrigðisþjónustunni
Alma D. Möller landlæknir flytur framsögu

Sófaspjall: Inga Þórsdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands (HÍ), Sandra Bryndísardóttir Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands og Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala

17:50 Vísindi
Engilbert Sigurðsson forseti læknadeildar HÍ flytur framsögu

Sófaspjall: Margrét Helga Ögmundsdóttir, dósent við HÍ, Sunna Snædal, formaður vísindasiðanefndar og Unnur Valdimarsdóttir prófessor við HÍ.

18:20 Forysta til árangurs
Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala flytur framsögu.
Sófaspjall: Gylfi Ólafsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, María Heimisdóttir, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands og Þórarinn Guðnason, formaður Læknafélags Reykjavíkur.

18:55 Heilbrigðisráðherra slítur fundi.

Streymt verður beint frá fundinum og verður útsendingin aðgengileg á vef heilbrigðisráðuneytisins www.hrn.is